

MONITOR



FRÍTT  
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNAD

# Hágæða kaffi og grill við valdar Orku- og Shellstöðvar.

Panini mánaðarins

Tilboð



Panini mánaðarins

399 kr.

Tilboð

Allir kaffidrykkir

199 kr.



Caffe Latte, Espresso, Macchiato,  
Sviss Mocca, Cappuccino.

Hamborgari, franskar og gos

949 kr.



Stöðin er ný veitingasala við valdar  
bensínstöðvar Orkunnar og Shell.

Stöðin býður hágæða kaffi, panini,  
hamborgara, samlokur, rúnstykki,  
og fleira.

Hvað býður þín stöð uppá?

	Sími	Opió 24 tíma	Grill	Kaffi	Panini	Pylsa	Bílalúga
Birkimelur	551 4474						
Bústaðavegur	552 7616						
Garðabær	565 8743						
Hagasmári	554 2280						
Laugavegur	561 9926						
Suðurfell	557 4060						
Vesturlandsvegur	587 9730						
Miklabraut norður	571 4404						
Skagabraut Akranesi	431 2592						

Orkulykill

Þú getur greitt með kortum og lykllum  
Orkunnar og Skeljungs á Stöðinni.



[www.stodin.is](http://www.stodin.is)



Svíi opnast: „Jag har alltid älskat andra män!“  
Svíi lokast.

EYSTEINN ÁSAMT TÖKU-  
MANNINUM MAGNAÐA,  
FANNARI SVEINSSYNI



## Undir áhrifum frá Boga

**MONITOR TV**  
Farðu inn á [MonitorTV á mbl.is](http://MonitorTV.mbl.is) og sjáðu Eysteinn taka hús á Erpi.

Mynd/Allan

Í dag mun birtast nýtt andlit á **MonitorTV** því **Eysteinn Sigurðarson** hefur tekið við hljóðnemanum forkunnarfagra. Þessi tuttuguogveins árs gamli Vesturbæingur segist tilbúinn í að rugla í landanum.

„Það leggst gríðarlega vel í mig að taka við MonitorTV hljóðnemanum. Mig hefur alltaf dreymt um að halda á þessum míkrofón enda er þessi míkrofónn mjög góður í að pikka upp hljóð og svo get ég ímyndað mér að þetta sé skemmtilegt starf. Ég hlakka mikið til að rugla aðeins í landanum,“ segir Eysteinn kátur.

Einhverjir ættu að kannast við andlitið á Eysteini þar sem hann hefur fengið ansi mörg innlit á myndband sitt á Youtube við lagið Hey. Það lag gerði hann á Verzlunarskólaárum sínum þegar hann var meðlimur í skemmtipáttunum 12:00. Í sumar starfaði hann svo á FM 957 þar sem hann fór ásamt vinum sínum með fólki á fætur í morgunþáttunum Villta Vestrið. En er hann myndinn?

„Ég á það til að vera myndinn stundum í einrúmi.

Sjaldnast tekst það þegar ég er innan um annað fólk. Ég ætla að vona það besta með þessa vinnu og vona að mér takist að vera skemmtilegur á tölvuskjánum.“

### Næsti Nilli?

Vefsjónvarp Morgunblaðsins hefur áður hýst sjónvarpsmennina Björn Braga og Nilla sem nú eru saman í Týndu kynslóðinni. Einhverjir kunna að spyrja sig hvort Eysteinn hyggtist feta í svipuð spor og þeir.

„Mér á örugglega eftir að verða líkt við Nilla og Björn Braga en ég ætla mér þó bara að vera næsti ég sjálfur, Eysteinn, en þó verð ég undir sterkum áhrifum frá Boga Ágústssyni. Ég ætla að reyna að tala við allt áhugavert fólk á landinu og láta óáhugavert fólk eiga sig. Það er búið að vera allt

of mikið af því í fjölmiðlum upp á síðkastið. Ég ætla að vera duglegur að gera myndskreið um það sem er lifandi og skemmtilegt í umræðunni hverju sinni.“

Fyrsta myndbandið sem birtist með Eysteini er myndskreið þar sem Erpur rappar á þýsku í tilefni þess að Októberfest verður haldið hjá Háskólanum um helgina.

„Svo ætla ég að fara með Ómari Ragnarssyni á rómantískt stefnumót úti í guðsgrænni náttúrunni þar sem við ætlum að spjalla um íslenska náttúru og hann sjálfan. Mig langar að spyrja hann hvernig það er að eiga fullt af bílum og hvað honum finnst best á pylsuna.“ Eysteinn hyggtst líka spyrja Ómar hvort honum hafi aldrei dottið í hug að gerast stuðningsmaður ÍA „því þá væri hann kallaður Ómar ÍA.“ j/rj

### Feitast í blaðinu

**Álfheiður Erla** er sýsngjandi ljósmyndari úr Mennntaskólanum við Hamrahlíð. >>>4

**Ourlives** senda frá sér sína aðra breiðskífu sem er þyngrri en sú fyrri. >>>6

**Ragna Ingólfs** notar veikari höndina þegar hún keppir við kærastann. >>>12

Monitor kynnr **Allt og ekkert** sem er ný síða með ferskum vinklum. >>>16

Vissir þú að **Will Smith** hafnaði að leika **Neo** í **Matrix** en sér ekki eftir því? >>>18

### Efst í huga Monitor

## M Októberfest í september

**H**áskólanemar koma til með að flykkjast á Októberfest um helgina. Miðarnir eru svo gott sem uppseldir og má því búast við að tæplega tvöþúsund manns skemmti sér hressilega að þýskum síð frá fimmtudegi og fram á sunnudagsmorgun.

**Til að auðvelda undirbúninginn hefur Monitor tekið saman fimm atriði sem ættu að koma þér í girinn.**

**1** Æfðu þig að drekka mikinn vökva á skömmum tíma. Þjóðverjarnir virðast hafa endalaust þol og drekka vökva úr líterskrúsum á óæskilega litlum tíma. En til að virðast með þýskt blóð í æðum er gott að þjálfa vélindað upp í eins konar rör þannig að vökvinn renni sem hraðast niður í maga.

**2** Horfðu á myndina Beerfest. Í myndinni fara bræðurnir Jan og Todd Wolfhouse með ösku föðursins til að uppfylla fjölskylduhefðina og dreifa ösku afa síns á Októberfest. Eins og flestir vita lenda þeir í ýmsum ævintýrum og því ætti myndin að vera stór þáttur í þínum undirbúning.

**3** Fáðu þér weinersnitzel í hvert mál. Það verður nóg af þýskum pylsum á svæðinu þessa helgina og

því er gott að undirbúa meltingakerfið vel með því að borða eina slíka pylsu í hvert mál alla helgina.

**4** Settu 99 luftballons á „repeat“. Um leið og lagið kemur manni alltaf í gott skap þá er það svo skemmtilega þýskt. Með því að hlusta á það eins oft og þú mögulega getur ferðu ósjálfrátt að segja bitte og danke schön.

**5** Reddaðu þér rétta búningnum. Ef þú ert karlkyns þá færðu þér alvöru „lederhosen“, axlabönd, háa sokka og hatt. Ef þú ert kvenkyns þá þarftu að útvega klút í hárið, slaufur til að skreyta flétturnar, aðsniðinn pífuþjól með reimum sem halda vel að barninum.

**N**ú ef þú vilt gera grín að þjóðverjum þá segir þú þennan brandara. Bandaríski sjóherinn: „Mayday, mayday, we're sinking“ Þýska landhelgisgæslan: „What are you sinking about?“ Nánari upplýsingar um dagskrá hátíðarinnar má finna í Fílófaxinu á blaðsíðu 22.

Góða helgi.

## Monitor mælir með

### Á NETINU

OverOneCoffee.com er íslensk blogg síða sem sniðugt er að skoða á meðan maður sýpur á einum kaffibolla. Inni á síðuna er færslum dælt inn sem fjalla um tísku og hönnun, svo eitthvað sé nefnt, og er regluleg viðkoma á henni góð leið fyrir áhugafólk á því sviði til að fá innblástur.



### Í SPILARANN

Hljómsveitin 1860 gaf nýverið út plötuna Sagan sem er jafnframt fyrsta breiðskífa bandsins. Á plötunni er að finna lagið Snæfellsnes, sem fékk mikla spilun í útvarpi í sumar, en auk þess er á henni að finna helling af öðrum góðum lögum á íslensku jafnt sem ensku.

### Í GOGGINN

Kjúklingastaðurinn Haninn á Suðurlandsbraut er kósi staður með kjúklingaborgurum sem svíkja enga sælkera ásamt fjöldanum öllum af fleiri góðum kjúklingaréttum.



### Vikan á...

## facebook

**Óli Geir Nýtt** Dagurinn í dag á Tene: Ég potaði í skjaldboku og hun missti saur, fallett. Ég nadi að pirra stóran apa sem redst naestum a mig, hann reyndi að kyla mig en tad var gler a milli tannig hann kyldi í glerid, geggjad. Afrikukona reyndi að selja mer armband, eg sagdi nei og hun sagdi "you dont like me cause im black!!!" með reydiston tannig eg keypti armbandid. Vann Asdisi í minigolfi, rúst!. Tók mynd af apatippi, set tad a FB bráðum. Hitti krókóðil og margt fleira. Kv, Sólbrenndi.

14. september kl. 19:57

**David Berndsen** Herbert Guðmundsson legend kom í kaffi í dag og var að spyrja mig hvort ég gæti pródúsað nýja eurovision lagið hans!

13. september kl. 17:32

**Halldór Eldjárn** Hefði ekkert á móti því að eiga sjálflysandi kött!

12. sept. kl. 10:00

**Ævar Þór Benediktsson** Planið næstu tvo sólarhringana: Sögustundaræfing - Útvarpsleikhúsæfing - Bjart með köflum - Helgarvaktin - Bjart með köflum - Ballið á Bessastöðum. Svo sofa. Góð helgi framundan.

9. september kl. 11:49

# SYNGUR FYRIR STRÁK Í ÓPERUNNI

**Álfheiður Erla Guðmundsdóttir** er sautján ára sísyngjandi ljósmyndari úr MH. Hún fer með hlutverk í Töfraflautunni sem sett verður upp í október.

## Hvers vegna byrjaðir þú að ljósmynda?

Ég smitaðist af mörgum í fjölskyldunni minni sem hafa áhuga á ljósmyndun og svo á ég margar vinkonur sem hafa alltaf verið tilbúnar að sitja fyrir. Þetta atvikaðist síðan bara þannig að ég eignaðist mína fyrstu myndavél árið 2008 og hef verið að fíka við þetta síðan.

## Hvað þarf maður að hafa til að verða góður ljósmyndari?

Gæði myndavélarinnar skiptir litlu máli. Næmt auga, þolinmæði og áhugi á viðfangsefninu er mikilvægur.

## Hvað finnst þér skemmtilegast að mynda?

Mér finnst skemmtilegast að mynda fólk. Ég hef líka mikinn áhuga á vatni og náttúru og samspili þess við fólk. Að taka myndir af íslensku landslagi er líka spennandi.

## Ef maður skoðar heimasíðu þína má sjá myndir sem þú hefur tekið af vinkonum þínum þar sem þær eru berar að ofan. Ert þú svona djarfur ljósmyndari?

Mannslíkaminn er fallegur og ég hef haft gaman af því að mynda hann, ég geri það einmitt oft í vatni og þar er maður oftast fáklæddur. Nekt vekur athygli og er spennandi ef hún fer ekki yfir velsæmismörk.

## Ásamt því að vera á fullu í ljósmyndun ert þú í MH-kórnum og lærir söng hjá sjálfri Diddú. Hvernig er að læra hjá svona „legendi“?

Hún er algjört yndi, alltaf hress og jákvæð. Ég læri hjá henni í Söngskóla Sigurðar Demetz og hún hefur kennt mér mjög mikið á stuttum tíma.

## Þú ferð síðan með hlutverk í Töfraflautunni sem verður sett upp í Hörpu í október þar sem þú stúgur einmitt á stökk með lærímóður þinni, Diddú. Hvernig leggst það í þig?

Ég leik og syng hlutverkið „1. drengur“ í verkinu og þetta er mjög spennandi, ekki síst að fá að taka þátt í fyrstu óperunni sem sett er upp í Hörpu.

Það er lagður mikill metnaður í uppfærslu og sjónræna hlið verksins og ég hlakka mikið til.

## Ef þú yrðir að velja á milli, hvort myndir þú velja að missa ljósmyndunarhæfileikana eða söngróðina?

Þetta er erfið spurning en ég held að ég myndi fórn ljósmynduninni. Tónlistin á dýpri rætur í mér. Söngnámið hófst þegar ég var þriggja ára og áhuginn vex enn.

## Hvert er eftirminnilegasta söngverkefnið annars vegar og myndatakan hins vegar?

Það eftirminnilegasta í söngnum var uppsetning söngskólans á Töfraflautunni árið 2009 þar sem ég söng einmitt líka „1. drengur“. Eftirminnilegasta myndatakan var í Sundhöllinni þar sem ég var ofan í lauginni með myndavélina í vatnsheldu hulstri og vinkonur mínar sátu fyrir. Við gátum ekki hætt og vorum orðnar krumpaðar eins og sveskjur. Það var eitthvað sem mig hafði alltaf langað að gera.

## Hvað er það besta/sísta við það að vera í MH?

Það besta er að hér er fínt nám ásamt frábærum félagsskap. Það sísta er að hér er stundum ansi troðið og mikið af fólki.

## Hvernig líst þér á nýja skólaárið?

Mjög vel, ég hef reyndar áttað mig betur á því núna hvað tíminn er fljótur að líða og hvað maður verður að nýta hann vel. Það er margt spennandi framundan og mikið af efnilegum busum sem hófu nám við skólann í haust. Nemendafélagið er mjög öflugt og það verður gaman að fylgjast með verkefnum þess í haust.



## ÁLFHEIÐUR ERLA

Fyrstu sex: 021293.

Skólastig: Á þriðja ári í Menntaskólanum við Hamrahlíð.

Myndavél: Canon EOS XSi og Canon AE-1.

Heimasíða: alfhildurerla.com

Uppáhaldslitir: Vínrauður.

Uppáhalds Disney-persóna:

Pocahontas.

Æskudraumur: Langaði alltaf að vera leikkona sem kynni að syngja.

NÝIR  
OG SPENNANDI  
RÉTTIR!

# HOLLT OG GOTT!

Fljótlegir, hollir og ljúffengir mexíkóskir réttir fyrir fólk sem hugsar um heilsuna. Kíktu í heimsókn – þú hefur gott af því!

SERRANO.IS



## 6 STAÐIR

HÖFÐATORG // STJÖRNUTORG, KRINGLAN // N1 HRINGBRAUT  
N1 BÍLDSHÖFÐA // SMÁRALIND // DALSHRAUN 11, HAFNARFIRÐI

  
**serrano**  
FRESH MEX

VIÐ HEILSUM UPP Á ÞIGI

# Þyngri í grömmum talið

Hljómsveitin **Ourlives** gefur í dag út sína aðra breiðskífu og ber hún nafnið, **Den of Lions**. Flestir hafa heyrt lög sveitarinnar óma í útvarpinu en enn í dag er fólk að átta sig á því að hér sé um íslenska hljómsveit að ræða. **Monitor** spjallaði við **Leif**

og **Bjössu** í gegnum handfrjálst bílsímakerfi þess síðarnefnda þegar þeir voru nýkomnir af æfingu.



**Hvernig lýsið þið hljómsveitinni í 13 orðum?**

► Það er góð spurning, hún er ekki svo slæm og gæti verið verri.

**Þið eruð að senda frá ykkur plötu númer tvö. Erud þið ekki reyngslunni ríkari?**

► Jú, klárlega.

► Þetta var samt svona eins og að byrja ferlið upp á nýtt. Þetta var allt öðruvísi en fyrri platan.

► Við komum inn í þetta fullir sjálfstrausts og vorum alveg með hvað við ætluðum að gera en svo fórum við einhvern veginn á byrjunarreit. Á síðustu plötu sömdu við til dæmis tíu lög og nú enduðu á plötunni en fyrir þessa þá sömdu við eitthvað um þrjátíu...

► Þrjátíu og tvö, þrjú.

► Já og tíu enduðu á plötunni. Við erum svolítið grimmir með okkar eigin lög og erum dómharðir á þau. Við vorum búnir að skera þetta niður í fimm lög á einhverjum tímapunkti og þá þurftum við bara að gjöra svo vel

að semja meira. Við lentum í sjálfum okkur.

**En gerist það þá aldrei að þið takið góðu bútanu úr mismunandi lögum sem þið ætlið ekki að nota og setjið saman í eitt lag?**

► Við höfum reynt það en það hefur ekki verið að virka.

► Það er einhvern veginn þannig að ef þau virka ekki strax þá hendum við því frá okkur og förum yfir í næsta lag.

► Við eigum fullt af góðum bútum.

► Gjörði þið svo vel, hér er svakalega góður þriggja sekúndna kafli.

**Á fyrstu plötunni fenguð þið Barða Jóhannsson, Barða Bang Gang, til að taka upp og útsetja með ykkur en núna eru fjórir aðilar sem taka þátt í þessu ferli með ykkur. Finnið þið mikinn mun á ferlinu?**

► Já, við vorum að læra þetta upp á nýtt í rauninni.

► Við erum að gera þetta meira sjálfir sem er eitthvað sem við gerðum ekki á fyrri plötunni.

► Við vorum samt sem áður með algjöra keppnismenn með okkur í ferlinu, höfðum Barða í nokkrum lögum og Axel Flex í sumum. Og það er þannig að ef maður er að vinna með toppfólki þá lærir maður toppvinnubrögð.

**Fyrstu plötunni var oft lýst sem óhefðbundinni blöndu af poppi og tilraunarokki. Haldið þið ykkur á svipuðum slóðum eða takið þið hlustendur í nýjar áttir?**

► Klárlega nýjar áttir.

► En þú heyrir samt alltaf að þetta er Ourlives.

**Er hún bjartari eða er hún þyngri?**

► Hún er kannski ekki beint þyngri en það er aðeins dimmara yfir henni.

► Jú, jú. Hún er þyngri (hlær).

► (hlær). Maður er ekki dómþær á sitt eigið efni.

► Ef þú ert að tala um grömm þá er þetta núna komið í plast en áður var hún í pappa svo að hún er þyngri að því leytnu til og svo

er aðeins stærri bæklingur, þannig að jú, hún er þyngri.

► Til að útskýra þetta bara í stuttu máli þá er platan gerð á styttri tíma þannig að hún er meiri heild heldur en fyrri platan.

**Í myndbandinu við lagið We Lost the Race sýnið þið myndefni frá mótmælunum við Austurvöll. Erud þið svona pólitískir?**

► Flestir tónlistarmenn sem segjast vera pólitískir eru orðnir gamlir og hafa ekki um mikið annað að tala þannig að mig langar ekki að segja að við séum pólitískir en ... hins vegar ... já. Það er alltaf svolítill pólitík í okkur.

**Og má lesa það út úr textunum eða hvað?**

► Það má alveg lesa það út úr þeim kannski?

**I'm Ron Burgundy?**

► Já, einmitt. Það er alltaf svo kjánalegt að svara svona spurningum. Við getum sagt að þeir séu pólitískir en svo getur það verið lygi hjá okkur.

**Lagið ykkar Out of Place var gríðarlega vin-**



**En maður er svo ánægður með gripinn að það er erfitt að þurrka brosið af munninum**

Mynd/Kristinn

sælt þegar það kom út og fólk fékk viðlagið „figure it out some way“ alveg grimmt á heilann. Þurfið þið alltaf að taka þetta á tónleikum? Erud þið orðnir þreyttir á að spila þetta lag?

➤ Nei. En við höfum hins vegar fengið svolítið af: „Takið Audience of One,“ eða „takið Solary Index“ sem er mjög gaman af því að það eru gömul lög. Við vorum einmitt að ræða það að við þurfum að fara að æfa gömlu lögin aftur upp.

➤ Og við þurfum ekkert að taka þetta alltaf. Þannig að fólk er ekkert: „Hey, takið Out of Place“?

➤ Nei. En við höfum hins vegar fengið svolítið af: „Takið Audience of One,“ eða „takið Solary Index“ sem er mjög gaman af því að það eru gömul lög. Við vorum einmitt að ræða það að við þurfum að fara að æfa gömlu lögin aftur upp.

➤ Þannig að þið eigið alveg harðkjarna aðdáendur?

➤ Við erum með það, það verður bara að segjast alveg eins og er. Fólk sem hefur fylgt okkur síðan 2005.

Hvernig er tónleikahald miðað við þegar þið

vorud að byrja?

➤ Þetta eru nú allt sömu staðirnir en núna getur maður tekið fleiri tónleika heldur en þá. Í stað þess að spila einu sinni á tveggja mánaða fresti er nú hægt að spila tvisvar í mánuði.

➤ Metnaðurinn núna er líka alveg í hámarki. Hljómsveitirnar ráðast bara í stór verkefni og fólk er tilbúið að taka þátt í því. Menn taka Austurbæ og fylla hann og ég held að maður hafi ekki séð jafn mikili af því fyrir fimm árum.

➤ Já, fólk er að mæta á tónleika og það eru færri bönd að koma til landsins og þess vegna er nóg að gera hjá íslenskum tónlistarmönnum.

➤ Íslenskir tónlistarmenn eru líka bara að verða gáfaðri.

➤ Á myndinni sem fylgir þessari frétt eruð þið allir með grímur. Viljið þið ekki þekkjast úti á götu?

➤ Þælingin var að fylgja eftir stemningunni á

plötunni. Platan heitir einmitt Den of Lions og því var þetta tilvalin mynd.

➤ Og þið áttuð bara grímurnar til inni í skáp?

➤ Já. Við áttum þetta til. Vippuðum þessu bara fram og skelltum á okkur í tilefni dagsins.

➤ Þið eyðið miklum tíma í að stúdera ykkar hljóm og oft fylgir ykkar vinnu mikil fullkunnunarárætti. Líður ykkur betur í stúdíóinu heldur en á tónleikum?

➤ Já og nei.

➤ Þetta var svolítið erfið plata og við gáfum allt í þetta á mjög stuttum tíma. Hún tók því mikla orku frá okkur og þess vegna erum við fegnir því að fara loks að spila efnið á tónleikum.

➤ En svo veit maður það að strax í desember, janúar langar mann að fara að taka upp aftur.

➤ Þetta er plata sem við urðum að gera.

➤ Við vissum að hún yrði öðruvísi og það var áskorun sem við þurftum að takast á við. En maður er svo ánægður með gripinn að það er

erfitt að þurrka brosið af munninum.

Hvert er stefnan sett með nýju plötunni?

➤ Við erum núna á fullu að klára B-hliðar lögin. Við gefum út B-hliðar plötu samhliða plötunni í gegnum tónlist.is. Við munum setja inn lög sem komust ekki inn á plötuna og ætlum að prófa að vinna með mismunandi listamönnum.

➤ Við ætlum að reyna að setja eitt lag á viku þarna inn í næsta mánuði.

➤ Við ætlum að byrja á lagi með Finna úr Dr. Spock. Má ég ekki alveg segja frá því?

➤ Jú, jú. Hann var búinn að gefa já.

➤ Hann ætlar að syngja með okkur. Það er spennandi af því að hann er frábær söngvari. Svo ætlum við að halda útgáfutónleika við tækifæri. Við erum í raun bara nýkomnir út úr stúdíóinu og svo hafa síðustu fjórar vikur farið alfarið í það að æfa upp plötuna. Ég held að engin plata hafi verið æfð jafnmikið og þessi plata.


jrr



PROENZA  
SCHOULER



THE ROW



ROCHAS



VERSACE

## Flottur jakki

Síðir jakkar koma sterkir inn í haust. Þeir koma mikið fyrir á sýningarpöllum um heim allan þessa dagana í öllum stærðum og gerðum. Jakkarnir eru líka í öllum regnboganslitum og svartir klassískir jakkar sjaldséðir.

# Sjóðheitt í haust

Nú er að kólna í veðri og fólk farið að dusta rykið af haust- og vetrarklæðunum. Stíllinn skoðaði sig um og kynnti sér það sem er heitast fyrir haustið.

Þessi tími er alltaf spennandi í tískuheiminum því nýlega voru haust- og vetrarlínurnar kynntar. Áberandi litir, doppótt mynstur og síðir jakkar eru meðal þess sem mun einkenna hausttískuna í ár.



DIANE VON  
FURSTENBERG



GUCCI



MARK  
JACOBS



DAVID KOMA

## Doppudúndur

Eitt heitasta mynstrið í haust verða án efa doppurnar. Þær eru einkar áberandi á sýningum helstu hönnuða heims og eru allt frá örsmáum punktum upp í stórar og myndarlegar doppur. Doppótt mynstur eru aðallega notuð með svörtu og hvítu en það getur líka verið flott að blanda ljósum litum með.





# Maxi-veisla

Maxi-kjólur eru málið í haust. Þeir komu heitir inn síðasta haust og voru áfram mjög vinsælir í sumar. Í haust verður engin breyting á og maxi-kjólarnir skipa stóran sess í hausttískunni. Áberandi kvenleg snið eru á kjólunum að þessu sinni og fá því línurnar að njóta sín.



# Blúndubrjálæði

Blúndurnar eru mjög áberandi fyrir haustið og eru mikið notaðar í svörtu. Þær koma því sterkar til leiks í haust og við munum ef-laust sjá mikið af þeim. Blúndurnar gefa kvenlegt, seiðandi og órlítið dularfullt útlit.

# Gott úrval notaðra bíla

Nánar á [www.askja.is](http://www.askja.is)



**Mercedes-Benz GL-Class**  
 árg. 2007, ekinn 69 þús. km  
 2987cc, dísel, sjálfsk.  
 • Álfelgur  
 • Hlaðinn aukabúnaði

**Verð kr. 10.900.000**



**Kia cee'd**  
 árg. 2010, ekinn 41 þús. km  
 1396cc, bensín, beinsk.  
 • Álfelgur  
 • Nýlegur og vel með farinn

**Verð kr. 2.390.000**



**Mercedes-Benz ML63 AMG**  
 árg. 2007, ekinn 78 þús. km  
 6209cc, bensín, sjálfsk.  
 • Álfelgur  
 • Hlaðinn aukabúnaði

**Verð kr. 9.990.000**



**BMW 118i**  
 árg. 2008, ekinn 22 þús. km  
 1800cc, bensín, sjálfsk.  
 • Álfelgur  
 • Lítið ekinn gullmoli

**Verð kr. 3.160.000**

**Tilboðsverð  
 kr. 1.790.000!**



**Mercedes-Benz A150**  
 árg. 2006, ekinn 55 þús. km  
 1500cc, bensín, beinsk.  
 • Álfelgur  
 • Framdrif

**Verð kr. 2.090.000**



**Audi A3**  
 árg. 2007, ekinn 40 þús. km  
 1595cc, bensín, beinsk.  
 • Álfelgur  
 • Framdrif

**Verð kr. 2.390.000**



**Nissan Qashqai SE 4x4**  
 árg. 2009, ekinn 41 þús. km  
 2000cc, bensín, sjálfsk.  
 • Álfelgur  
 • Leður

**Verð kr. 3.450.000**



**Kia Sorento 4x4**  
 árg. 2009, ekinn 62 þús. km  
 2500cc, dísel, sjálfsk.  
 • 3,5 tona dráttargeta  
 • Þakbogar

**Verð kr. 4.350.000**



**Jeep Cherokee Crd LTD 4x4**  
 árg. 2008, ekinn 17 þús. km  
 3000cc, dísel, sjálfsk.  
 • Álfelgur  
 • Leður  
 • Kom á götuna 2010

**Verð kr. 7.590.000**

**Opíð virka daga frá 9 -18  
 Laugardaga frá 12-16**



**ASKJA**  
 Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík  
 Sími 590 2100 · [askja.is](http://askja.is)



**Anna Nicole Smith**

Glamúrgellan Anna virðist líka hafa átt erfitt með að halda sér í kjörþyngd. Hún bætti á sig allt að 20 kílóum árið 2002 og átti erfitt með að ná þeim af. Hún rokkaði í þyngd í nokkur ár en grenntist svo duglega árið 2005.



**Matt Damon**

Það voru 18 kg sem þurftu að fjúka hjá Mr. Damon árið 1996 fyrir hlutverk í myndinni Courage Under Fire og leit leikarinn þá fremur illa út. En síðan árið 2009 bætti hann á sig 15 kílóum til leika Mark Whitacre í myndinni The Informant og fékk þá þessa myndarlegu bumbu.



# ROKKANDI STJÖRNUR

Stjörnur Hollywood þurfa oft að þyngja sig eða létta fyrir hlutverk og nokkrar þeirra rokka í þyngd árum saman. **Stíllinn** tók saman nokkrar rokkandi stjörnur.



**50 Cent**

Rapparinn kvaddi magavöðvana og missti 25 kíló fyrir hlutverk í kvikmyndinni Things Fall Apart. Hann var þó ekki lengi að endurheimta kjötaða útlitið og var orðinn sjálfum sér líkur nokkrum mánuðum eftir tókur.



**Kirstie Alley**

Flestir þekkja Kirstie fyrir leik sinn í þáttunum Cheers sem Rebecca Howe, en enn fleiri þekkja hana eflaust fyrir rokkandi líkamsþyngd sína. Hún bætti á sig allt að 23 kílóum á aðeins nokkrum mánuðum og missir þau svo á enn styttri tíma. Hún er fullkomið dæmi um rokkandi stjörmu.



**Renée Zellweger**

Renée þurfti að bæta á sig rúmum 13 kg til að leika Bridget Jones í samnefndri kvikmynd árið 2001. Árið 2004 var síðan gerð önnur mynd í myndaflokknum um Bridget og þurfti leikkonan knáa þá að þyngja sig aftur. Það tók þó Renée ekki langan tíma að ná kilóunum af sér og var hún orðin geigvænlega grönna aðeins örfáum mánuðum eftir tókur á myndunum.



**Christian Bale**

Batman hefur alltaf verið duglegur að lyfta og halda sér í formi eins og sést vel á myndinni hér að ofan. En árið 2004 landaði hann aðalhlutverkinu í myndinni The Machinist sem Trevor Reznik. Þá þurfti Bale að létta sig um heil 30 kíló og var ekki sjón að sjá manngreytið enda var hann að detta í sundur.



# RAFTÆKIN, EIGA SKILIÐ SMÁ

# STUÐ

Gerðu eitthvað skemmtilegt  
og óvænt fyrir raftækin þín  
með rafmagninu frá okkur. Þau  
eiga það svo sannarlega skilið.

KOMDU YFIR TIL ORKUSÖLUNNAR – VIÐ SJÁUM UM AÐ HALDA UPPI STUÐINU





Viðtalið

# Ef ég er með spaða þá læt ég vaða

**Ragna Ingólfssdóttir** er aðalbadmintonspaði landsins sem hefur nú þegar upplifað æskudrauminn og stefnir hraðbyri að því að gera það aftur næsta sumar í London. Hún sagði **Monitor** frá heimsflakki sínu, hnémeiðslunum og badmintoneinvígunum við kærastann.

**Texti:** Einar Lövdahl Gunnlaugsson  
**Myndir:** Árni Sæberg

einar@monitor.is  
saeberg@mbl.is

Í badmintoníþróttinni á Íslandi hefur einn leikmaður borið höfuð og herðar yfir alla en það er að sjálfsögðu hún Ragna Ingólfssdóttir. Þessi badmintondrottning æfir nú og keppir af miklum móð með það í huga að tryggja sér þátttökurétt á öðrum Ólympíuleikunum sínum í röð. Þegar blaðamaður settist niður með Rögnu var hún að undirbúa för sína til Gvatemala þar sem hún keppir nú á móti sem er liður í þessari baráttu hennar um farseðil til London.

**Þú varst tvítug þegar þú vannst þinn fyrsta Íslandsmeistaratið í einliðaleik árið 2003. Eftir það hefur þú ekki tapað leik á Íslandi í átta ár. Er þetta of létt fyrir þig?**

Það má segja það, að minnsta kosti í stelpnaflokknum. Ég keppi alltaf við strákana á æfingum og við höfum verið að pæla hvort ég eigi að skrá mig í strákaflokkinn en það er reyndar ekki hefð fyrir því (hlær). Ég er aðallega að einbeita mér að alþjóðlegu mótunum núna en ekki mótunum hérna heima og hef gert það í mörg ár. Ég get alltaf farið út og keppt við stelpur sem eru jafngóðar, aðeins lélegri eða aðeins betri. Þó svo að samkeppnin sé kannski ekki til staðar hér á landi þá get ég alltaf keppt við strákana.

**Ef þér yrði boðið að keppa á Íslandsmóttinu í karlaflokki, myndir þú þiggja boðið?**

Ég myndi gera það og ég myndi líka vinna held ég (hlær). Nei nei, ég segi svona, en ég er alltaf að spila við þessa stráka og stundum vinnur maður og stundum tapar maður en það væri rosa gaman að prufa að spila við þá á alvörumóti, því það er dálítið öðruvísi en á æfingu. Það væri mjög gaman, ég myndi pottþétt þiggja það.

**Ert þú með einhverja rúttinu sem þú framkvæmir fyrir alla badmintonleiki?**

Já, þegar ég er að keppa vakna ég snemma og fer í göngutúr til að tæma hugann og liðka mig aðeins til. Svo mæti ég klukkutíma fyrir leik og byrja að hita upp með iPod í eyrunum sem kemur mér í gang. Svo teygji ég aðeins á, slaka á fyrir leikinn og fer svo á fullu inn í leikinn sjálfan með hundrað prósent einbeitingu. Eftir svona langan undirbúning þá truflar mann ekkert þegar maður kemur inn á völlum.

**Hvaða tónlist er það sem peppar þig upp?**

Þessa dagana hlusta ég mest á Gusgus, það er tónlist sem kemur mér í gang.

**Af hverju badminton?**

Út af því að foreldrar mínir búa mjög nálægt TBR-húsinu og þegar ég var í Langholtsskóla bauð TBR níu ára krökkum að spila frítt í eitt ár og bróðir minn, sem er þremur árum eldri, var byrjaður svo mér fannst þetta mjög spennandi og sló til. Ég var reyndar einu ári á undan í skóla svo ég byrjaði átta ára gömul. Við bróðir minn

erum bestu vinir og höfum alltaf verið saman í þessu. Við spilum saman í tvenndarleik í unglingsflokknum.

**Þú æfðir fimleika í æsku og mér skilst að þú sért líka á kafi í golfi. Kemst eitthvað að annað en íþróttir?**

Já, ég er alveg „chillari“ í eðli mínu. Ég æfi yfirleitt tvisvar á dag en þess á milli er ég dálítið mikið að slaka á og mér finnst mjög gott að horfa á eitthvað, lesa bækur og auðvitað að verja tíma með vinkonunum og kærasta.

**Situr þú föst fyrir framan sjónvarpið þegar Eurosport sýnir frá badmintonmótum?**

Nei, ég horfi mjög lítið á badminton. Einu skiptin sem ég horfi eru kannski bara leikir með mér sjálfri til að læra af þeim hvað ég get bætt og hverjar eru mínar sterku hliðar. Þegar ég er að fara á mót hef ég líka stundum horft á leiki með þeim sem ég er að fara að keppa við. Annars horfi ég mest á gamanþætti, ég horfi endalaust á Seinfeld. Ég reyni samt líka að horfa á einhverjar fræðslumyndir, eins og til dæmis Dalai Lama-fyrirlestra eða eitthvað. Mér finnst gaman að detta inn í svoleiðis.

**Ert þú sleip í golfinu? Ertu með einhverja forgjöf?**

Ég byrjaði aðeins að prufa þetta fyrir nokkrum árum en ég byrjaði að spila eitthvað að ráði í fyrri og gekk þá inn í klúbb. Sem stendur er ég með 18,4 í forgjöf, markmið sumarsins var að komast undir 20 svo það gekk upp.

**Kærastinn þinn er mikið í golfi. Kann hann eitthvað í badminton?**

Já, ég dríf hann stundum með mér og þá spila ég með vinstri á móti honum og það eru oft hörkuleikir, það er algjör snilld. Hann er alveg góður miðað við byrjanda og eftir að hann kynntist mér hefur hann fengið vini sína til að koma með sér að spila.

**Hvenær varð þér ljóst að þú gætir náð langt í þessari íþrótt?**

Fyrsta árið mitt, þegar ég var átta til níu ára, þá var ég auðvitað bara svipuð og allir hinir. Ég fór síðan í tennisskóla sumarið eftir það og var helling í þessu og þá var ég strax orðin betri en stelpurnar sem voru að æfa með mér fyrst. Svo horfði maður á Elsu Nielsen fara á Ólympíuleikana árið '92 og reyndar líka '96 og þá sá ég að þetta var það sem mig langaði að gera.

Ég ætlaði að labba yfir til vina minna sem sátu á öðrum stað og þá var bókstaflega gelt á mig svo ég varð að hundskast út í horn aftur.

**Þú gekkst í Menntaskólann við Sund. Hvernig týpa varst þú í menntaskóla?**

Fyrstu tvö árin var ég alveg í skólanum og það gekk mjög vel en eftir að ég fékk Ólympíustyrk var ég utanskóla næstu tvö ár. Mér fannst menntaskólaárin mjög skemmtileg en ég tók voða lítinn þátt í félagslífinu, ég held að ég hafi farið einu sinni á árhátíðina, annars var ég alltaf úti að keppa. Ég fór kannski á nokkur böll til viðbótar en var annars lítið í félagslífinu, þótt ég hafi reynt að gera eins mikið og ég gat. Ég var sem sagt svona íþróttatýpan.

**Nú æfir þú íþrótt þar sem þú slærð flugu í sífellu með spaða. Ert þú þá betri en meðalmaðurinn í því að drepa geitunga?**

Algjörlega, ef ég er með spaðann, þá tek ég hann í fyrsta höggi. Annars er ég frekar hrædd við þá og er von að flýja en eins og ég segi, ef ég er með spaða þá læt ég vaða.

**Eftir MS fórst þú í heimspeki og sálfræði í háskólanum. Hvers vegna lagðir þú þessar greinar fyrir þig?**

## HRADASPURNINGAR

**Fyrstu sex:** 220283.

**Upphaldsmatur:** Indverskur kjúklingaréttur og sushi.

**Upphaldsstaður í heiminum:** Mér líður best á Íslandi.

**Upphaldsbadmintonspilari:** Camilla Martin þegar hún var ennþá að spila.

**Upphaldsíþrótt fyrir utan badminton:** Golf.

**Sætasti sigurinn:** Þegar ég vann Íslands-mótið í fyrsta skiptið og líka þegar við í landsliðinu unnum Evrópukeppni B-landsliða í janúar 2007.

**Æskudraumurinn:** Að fara að spila á Ólympíuleikunum, það er eitthvað sem ég ætlaði mér alltaf að gera.



Ég er svolítill pælari og hef mikið þælt í því hvers vegna heimurinn er eins og hann er, af hverju sumum gengur vel en öðrum illa þannig að mér fannst heimspeki mjög áhugaverð og svo tók ég sálfræði sem aukagrein. Ég væri alveg til í að læra eitthvað meira í svona heilsuvísindum í framtíðinni og hef verið að hugsa um að gera það eftir næstu Ólympíuleika. Ég hef svolítið þælt í íþróttasálfræði en mér finnst hún vera að koma mjög sterk inn núna. Mig langar að taka mastersgráðu í einhverju úti í Bandaríkjunum í framtíðinni og það verður eitthvað í þessum dúr.

**Þarf maður að leggja mikið upp úr heimspekinni og sálfræði til að ná langt í íþróttum?**

Ef maður ætlar að ná langt þá held ég að maður þurfi mikið að pæla í andlega þættinum, eins og allir segja sem eru orðnir eitthvað góðir í íþróttum. Þú getur verið eitthvað ákveðið góður líkamlega en þegar öllu er á botninn hvolft skiptir andlegi þátturinn svo miklu máli. Ef einhverjir tveir eru jafngóðir líkamlega þá nær sá sem er sterkari andlega yfirburðum að lokum.

**Í ár voru settar reglur í badmintonheiminum sem kveða á um að konur verði að spila í pilsum. Hvað finnst þér um þessar reglur?**

Það eru svo margar af bestu stelpunum sem eru frekar strákalegar, sérstaklega þær asísku, sumar þeirra gætu bara verið strákar þegar maður horfir á þær. Þessar stelpur myndu til að mynda aldrei spila í pilsum og þær eru bestu badmintonkonur í heimi og þess vegna finnst mér það alveg fáránlegt að skikka þær til að spila í pilsum. Þeir sem settu reglurnar segja reyndar að þetta sé ekki í gildi á öllum mótum heldur eru tíu mót á ári sem eru kölluð „Super Series“, þar keppa þrjátíu og tvær bestu í heiminum, og tillagan er sú að þetta gildi á þeim mótum. Eins og ég segi fannst mér þetta fáránlegt fyrst en svo fékk þetta svo mikla umfjöllun að ég fór að pæla hvort þetta hafi bara verið sett til þess að vekja meiri athygli á íþróttinni. Ef það er tilfellið, þá var þetta bara sniðug markaðssetning.

**Sem stendur ert þú í 64. sæti á heimslista kvenna í badminton. Átt þú þér eitthvað sérstakt markmið varðandi heimslistann?**

Mér hefur alltaf fundist mjög kúl að vera á topp 50. Ég náði best 37. sæti fyrir síðustu Ólympíuleika svo ég hugsa oft að það væri gaman að slá því við. Akkúrat núna finnst mér þægilegt að stefna á topp 50 og ef ég næ því fer ég kannski að reyna að bæta hitt.

**Ári fyrir ÓL 2008, sleist þú krossband en lést það ekki á þig fá og komst þér samt til Kína Hvernig fórst þú að því?**

Ég reyndi á sínum tíma að komast á Ólympíuleikana 2004, byrjaði að keppa og æfa alveg á fullu árið 2002 og komst ekki inn. Það munaði bara tveimur stelpum og það var þvílíkt áfall en ég byrjaði strax að æfa fyrir næstu. Föstudaginn 13. apríl 2007, á síðasta móttinu fyrir Ólympíuárið, þá sleit ég krossbandið og allir læknar sem



ég fór til sögðu að nú yrði ég að fara í aðgerð og hugsa frekar um Ólympíuleikana 2012. Mér fannst það svo heví leiðinlegt að ég fékk tíma á hverjum degi hjá sjúkrahjálfa og hann lét mig styrkja allt í kringum hnéd og ég fékk risaspelku til að æfa með. Premur mánuðum síðar var ég farin að spila á fullu aftur og ég vann fjögur eða fimm mót á þessu tímabili og allt var í lagi. Ég hugsaði alltaf að ég myndi láta laga þetta eftir Ólympíuleikana. Maður á nú ekki að ráðleggja neinum að gera þetta, en þetta er hægt. Einn læknir sagði mér að 33% þeirra sem reyna þetta tekst þetta og ég ákvað strax að reyna að vera ein af þeim. Mér tókst þetta og ég sé ekki eftir þessu.

**Þú lentir í því að þurfa að hætta í annarri lotu í fyrsta leiknum þar sem hnéd gaf sig. Hvernig var það?**

Þegar ég kom síðan til Kína þá var maður að spila fyrir framan svo marga og það voru svo geðveik læti að ég titraði alveg af stressi þannig að þá hef ég stífnað eitthvað upp og í fyrsta skiptið í allan þennan tíma fékk ég eitthvað í hnéd og datt niður í lokin á seinni lotunni. Ég var að spila við stelpu frá Japan sem var númer ellefu á heimslistanum og miklu betri en ég og hún náði dálítið að plata mig, hún vissi að mér væri illt í hnénu. Þá meiddist ég sem sagt aftur og fór ég í aðgerð þegar ég kom heim. Mér fannst þetta auðvitað ótrúlega leiðinlegt en þetta er bara eitthvað sem maður ræður ekki við. Bara það að hafa náð þarna inn á Ólympíuleikana er samt algjör sigur.

**Hvernig var sú upplifun að vera þarna á Ólympíuleikunum?**

Það var geðveikt, miklu meira og flottara en maður gat ímyndað sér. Svo var svo gaman að vera með handboltalandsliðinu þarna, það var svo mikil stemning því þeim gekk svo vel. Það munaði náttúrulega svo litlu að þeir kæmust ekki á mótið og ef þeir hefðu ekki farið þá hefði þetta örugglega verið dálítið öðruvísi. Það gerði þetta að enn meiri upplifun.

**Þú hefur mikinn áhuga á heimspæki og lífspælingum. Á Ólympíuleikunum varst þú í félagsskap með öðrum þekktum heimspækingi, Ólafi Stefánssyni. Rædduð þið heimspæki ykkar á milli?**

Eiginlega ekki en hann lánaði mér heimspækiþók sem mér fannst geðveikt góð. Svo sögðu hinir strákarnir í handboltalandsliðinu að hann hefði reynt að fá þá alla til að lesa hana en enginn hefði nennt að lesa hana þannig að ég væri greinilega eitthvað skrýtin að nenna því.

**Nú hefur þú farið til landa eins og Kína, Íran og Gvatemala til að keppa í badminton. Hvernig er að ferðast um allan heim til að keppa í íþróttinni sinni?**

Það er geðveikt gaman að koma til svona landa upp á að keppa þar og skoða staðina en ferðalögín sjálf finnast mér leiðinleg. Ég hef komið í nánast allar heimsálfurnar og það er frábært að hafa gert það. Ég hef líka komið til Dóminíska Lýðveldisins, Púertó Ríkó, Ástralíu og Nýja-Sjálands, þetta er allt svo ólíkt. Ég reyni alltaf aðeins að skoða staðina en ef mér gengur vel á mótinu og fer kannski alla leið í úrslit, þá fer ég yfirleitt heim daginn eftir mótið, svo þá nær ég ekkert að skoða. En ef illa gengur þá eru kannski nokkrir dagar eftir af ferðalaginu þegar ég dett út þá nær maður að skoða eitthvað.

**Hvað stendur helst upp úr þessu heimslakki?**

Íran er örugglega skrýtnasti staður sem ég hef komið til. Ég þurfti að vera klædd í búrku allan tímann, það mátti sem sagt bara sjást í andlitið á mér. Við vorum á ógeðslegu hóteli og máttum ekkert fara nema í fylgd einhverra íranskra karla. Á sjálfru mótinu máttu síðan karlar og konur ekki vera á sama stað, svo það er ekki einu sinni keppt í tvenndarleik á mótinu, og þegar við stelpurnar vorum að keppa kepptu þær frá Íran og löndunum í kring í því líkum alklæðnaði. Þær gátu varla hreyft sig í þessu og eru einmitt ekkert mjög góðar. Þegar strákarnir kepptu þá þurftum við stelpurnar að vera í einhverju plássi úti í horni. Ég ætlaði að labba yfir til vina minna sem sátu á öðrum stað og þá var bara gelt á mig svo ég varð að hundskast út í horn aftur. Þetta er skrýtnasta mót sem ég hef farið á og ég sé ekkert af landinu því ég var alltaf bara á hótelinu.

**Hvað þarft þú að gera til að komast aftur á Ólympíuleikana í London á næsta ári?**

Heimslistinn er alltaf frá 1. maí ár hvert, svo núna er ég búin að keppa á þremur mótum síðan þá og þau hafa öll gengið ágætlega. Það er þannig að tíu bestu mót leikmanns gilda á árinu, frá 1. maí, og nú þarf ég að ná tíu góðum mótum og vera helst í topp 70 á heimslistanum, þá er öruggt að ég komist. Ég þarf sem sagt að standa mig vel á sjö mótum í viðbót á þessu tímabili.

**Á bloggsíðunni þinni skrifar þú um Ólympíuleikana 2012 eins og það sé nú þegar ráðið að þú farir þangað. Er það hluti af einhverri hernaðaráætlun?**

Já, ef maður þorir ekki að hugsa þannig, þá er maður ekkert á leiðinni inn. Ég er búin að kaupa miða á leikana handa mömmu og pabba og hef mikla trú á þessu. Síðast komst ég nokkuð auðveldlega inn, það voru þónokkrar stelpur sem voru fyrir neðan mig, og þá var ég með slitið krossband en núna er ég alveg heil og í besta formi lífs míns. Ég er númer þrjátíu inn núna og það eru þrjátíu og átta sem komast þannig að ég sé þetta alveg fyrir mér. Ég fíla ekki alveg að tala alltaf um hvernig þetta verður „ef“ ég kemst inn.

**ÞETTA EÐA HITT**

**Kósíkvöld eða æfing?** Einu sinni hefði ég sagt æfing en núna þegar ég er farin að eldast þá segi ég kósíkvöld.



**Góðir badmintonskór eða góður spaði?** Góðir badmintonskór.

**„Badminton“ eða „hnit“?** Badminton.

**Tennis eða borðtennis?** Tennis, ég æfði það dálítið þegar ég var lítil.



**Tuttugu Íslandsmeistararitlar í einliðaleik eða þátttaka á þrennum Ólympíuleikum?** Þrennir Ólympíuleikar.



Finndu mig  
á Facebook!

-10 kr. í  
fyrsta skiptið



með ÖB  
lyklinum



Áttu  
flottan  
síma!



WWW.ÖB.IS





## HVAÐ ER TÍTT?

**Nafn:** Friðrik Dór Jónsson  
**Á forsíðu:** 28. október 2010  
**Fyrirsögn viðtals:** Ertu á föstu ef við erum þrjár?

„Það er nú allt gott að fréttu, þakka ykkur fyrir. Reyndar fór öll síðasta vika í veikindi og mér líður eins og líf mitt hafi verið á pásu í átta daga. Það er í raun magnað hvað það að vera fastur í sama umhverfi getur breytt tímaskyni þínu. Dagarnir renna allir saman í eitt.

En síðan ég var á forsíðunni hefur margt breyst en það var þó ekki fyrr en Friðrik Ómar var á forsíðunni í byrjun ágúst að fólk áttaði sig á því að ég er ekki Friðrik Ómar heldur nafni hans Dór.

En framundan hjá mér er það helst að nú stýttist í nýtt efni frá mér sem ég hef unnið í samvinnu við Ólaf Arnalds. Þar er ég að feta nýja braut og efnið er töluvert ólíkt því sem ég hef áður gefið út. Ég kem líklega til með að flytja það í fyrsta skipti opinberlega á Iceland Airwaves. Það er mjög spennandi að fá að taka þátt í þessari hátíð enda fer hún sífellt stækkanði. Uppselt og allt að gerast.“



## LOL-MAIL MONITOR

frá Jón Ragnar Jónsson  
 til Jóhannes Ásbjörnsson  
 dagsetning 13. september 2011 17:00  
 titill LOL í Monitor

Sæll vinur  
 Mátt smella á mig brandara...  
 og skora á næsta aðila...  
 bledz J-son

Sæll bró  
 Hér að neðan er brandarinn. Það verður að birta skýringuna líka, í minna lettri með stjörnu.

**Veistu hvað Tandoori ofninn sagði?**  
**Ég brenni Naan í mér!**

\*til að skilja brandarann þarf að syngja svarið og hugsa um Todmobile Kannski skipti ég um skoðun, en geri það þá fyrir hádegi á morgun, Jói

.....ég skora á **Seth McFarlane**, ef hann er ekki laus þá skora ég á söngvarann með flottu röddina í **Of Monsters and Men**. Jói

...nei betra....ég skora á **Hermigervil**. (það er eins og skora á einhverja ofurhetju) Jói



## Geðveikur á gítar

Þessa vikuna hoppa þeir félagar Pétur Ben og Eberg upp um sex sæti á Lagalistanum, úr 11. sæti upp í það f. „Þetta er algjörlega frábært. Þetta þýðir að fólk kann að meta það sem við erum að gera. Fólk vill heyra þetta og þess vegna spila útvarpsstöðvarnar lagið. Það er mjög gleðilegt,“ segir Pétur Ben þegar Monitor truflaði hann á hljómsveitaræfingu þar sem hann og Einar Tönsberg, Eberg, voru að undirbúa sig fyrir Októberfest.

Pétur Ben og Eberg gáfu út plötuna Numbers Game í sumar en hún er í 25. sæti Tónlistans. „Platan hefur gengið ótrúlega vel og eiginlega framfar vonum. Við erum hægt og rólega að vinna á erlendum markaði. Einar á vin í Japan sem hann hefur aldrei hitt en sá hefur gefið út allar plötur Einars þar í landi og nú ætlar hann að gefa út Numbers Game líka. En ég er lítið að spá í þreyfingum erlendis, ég er bara geðveikur á gítar (blaðamaður fékk Pétur til að segja þetta enda er fullyrðingin sönn). Ég vil hvetja fólk til að hlaupa út í búð og tékka á plötunni enda er miklu meira á henni en bara Over and Over. Með hjálp lesenda Monitors munum við vonandi stökkva í fyrsta sætið í næstu viku.“



## HÁSTÖKKVARI VIKUNNAR




## LAGALISTINN

Vikan 8. - 15. september 2011

- 1 Of Monsters And Men**  
Little Talks
- 2 Mugison**  
Stingum af
- 3 Jón Jónsson**  
Wanna Get In
- 4 Adele**  
Set Fire To The Rain
- 5 Pétur Ben & Eberg**  
Over And Over
- 6 Coldplay**  
Every Teardrop Is A Waterfall
- 7 Adam Levine / Christina Aguilera**  
Moves Like Jagger
- 8 Foster The People**  
Pumped Up Kicks
- 9 Páll Óskar**  
La Dolce Vita
- 10 Red Hot Chili Peppers**  
Adventures Of Rain Dance

11 **Bubbi Morthens** Háskaleikur 12 **Elín Ey / Pétur Ben** Þjóðvegurinn 13 **Mannakorn** Á meðan sumar framhjá fer 14 **HAM** Ingimar 15 **Berndsen & Bubbi** Úlfur Úlfur 16 **Awolnation** Sail 17 **Valdimar Brotlentur** 18 **Helgi Björns & Reiðmenn vindanna** Ég skal biða þín 19 **Bruno Mars** Merry You 20 **Superheavy** Miracle Worker 21 **Rihanna** Cheers (Drink To That) 22 **JLS / Dev** She Makes Me Wanna 23 **Chris Medina** What Are Words 24 **Lady Gaga** You And I 25 **Rihanna** Man Down 26 **Á móti sói** Ég veit ekki hvar ég er 27 **Pitbull / Marc Anthony** Rain Over Me 28 **HAM** Dauð hóra 29 **Eminem** Space Bound 30 **Brynjar Már** Breakaway

\*Lagalistinn er unninn af Félagi hljómplötuframléiðenda og inniheldur samantekt síðastliðinnar viku á mest spiliðum lögum á eftirtöldum útvarpsstöðvum: Bylgjan, FM95.7, Xíð 97.7, Rás 2 og Kaninn. Auk þess er tekið mið af sölu á Tónlist.is.



## TÓNLISTINN

Vikan 8. - 15. september 2011

- 1 HAM**  
Svík, harmur og dauði
- 2 Helgi Björns & Reiðmenn vindanna**  
Ég vil fara upp í sveit
- 3 Jón Jónsson**  
Wait For Fate
- 4 Valdimar**  
Undraland
- 5 Gus Gus**  
Arabian Horse
- 6 Ýmsir**  
Stuð stuð stuð
- 7 Bubbi**  
Ég trúi á þig
- 8 Adele**  
21
- 9 Steindinn okkar**  
Án djóks ... samt djók
- 10 Helgi Björns & Reiðmenn vindanna**  
Ríðum sem fjandinn

11 **Helgi Björns & Reiðmenn vindanna** Þú komst í hlaðið 12 **Rökkurró** Í annan heim 13 **Björk** Gling gló 14 **Björgvin & Hjartagosarnir** Leiðin heim 15 **Víkingur Heiðar Ólafsson** Bach / Chopin 16 **Sóley** We Sink 17 **Snorri Helgason** Winter Sun 18 **Sigur Rós** Ágætis byrjun 19 **Ýmsir** Pottþétt 55 20 **FM Belfast** Don't Want To Sleep 21 **Ýmsir** 100 vinsæl barnalög 22 **Skálmöld** Baldur 23 **Jónsi** Go 24 **Úr leikriti Dýrin í Hálsaskógi** 25 **Pétur Ben & Eberg** Number's Game 26 **Dikka** Get It Together 27 **Strumparnir** Strumpafjör 28 **Bessi Bjarnason** Segir börnunum sögur 29 **Red Hot Chili Peppers** I'm With You 30 **Magnús og Jóhann Ástin** og lífið 1971-2011

\*Tónlistinn er unninn af Félagi hljómplötuframléiðenda og inniheldur sölutölur síðastliðinnar viku í verslunum Skifunnar, Hagkaupa, Pennans / Eymundssonar, 12 Tóna, Hörpu, Elkó, Smekkleysu plötubúð og á Tónlist.is.



## ELTI HRELL IRINN



**Auðunn Blöndal**  
 @Auddib Iceland, Reykjavík  
 Tv host and a comedian in Iceland.

**Auddib** Auðunn Blöndal  
 Fyndið þegar að pappirinn á náttborðinu er actually fullur af hori! Efast um að mútta hafi verið að kaupa þá skýringu fyrir 17 árum...  
 8. september kl. 8:25

**Auddib** Auðunn Blöndal  
 Gamble on the nere post...that's how u get goals! #Chicharito  
 10. september kl. 16:37

**Auddib** Auðunn Blöndal  
 Djöfull held ég að Rafael Nadal eigi í mikklum erfðileikum með kvenfólkið...#hösslarekkert  
 10. september kl. 22:43

**Auddib** Auðunn Blöndal  
 Leynilögguhandrit svo gott sem klárt!! yfrog.com/g01zjhj  
 11. september kl. 11:49

Finnbogason Magnus Finnbogason  
 @Auddib má búast við leynilöggan

í bíó 2012? #verðurkiller  
 11. september kl. 13:08

**Auddib** Auðunn Blöndal  
 @Finnbogason Draumurinn er seint á næsta ári :)  
 11. september kl. 14:13

**Auddib** Auðunn Blöndal  
 Italiano Pizza coming up!!  
 #Toscana  
 11. september kl. 18:51

**viddibrink** Vidar Brink  
 @Auddib @sverrirbergmann  
 hvernig gekk í fantasy um helgina?  
 11. september kl. 19:38



**Auddib** Auðunn Blöndal  
 @viddibrink 63 punktar hérna megin,,en hjá þér??  
 11. september 22:49

**tomthordarson** Tómas Þór Þórðarson  
 Gaddinn snéri aftur í Pepsi með stæl. Hendi leikmanni út af með 2 gul sem kom inn á sem varam. á 74min. Fékk 7 í FBL og 8 í MBL.  
 #fotbolti  
 12. september kl. 10:31

**Manipeturs** Máni Pétursson  
 @tomthordarson alveg hægt að réttlæta seinna spjaldið en full mikill Egger magnússon í þessu. Hvað er með athyglisþörf og skalla @Auddib?  
 12. september kl. 13:07

**Auddib** Auðunn Blöndal  
 @Manipeturs @tomthordarson  
 Vertu ekki að blanda mér í þetta þarna þykka rauða hárið þitt!!  
 12. september kl. 13:19



## QR innkaup

QR-kóðar hafa rutt sér til rúms hér á landi undanfarnin misseri og fólk með snjallsíma er farið að skanna inn slíka kassa í símann sinn í alls kyns aðstæðum. QR-kóðar hafa reynst vel sem markaðstól og auðveldað mörgum að fá skýrari mynd af hlutunum því þeir tengja jú neytandann beint við internetið og gefa þannig auknar upplýsingar á skömmum tíma. Möguleikar QR-kóðanna virðast þó vera endalausir og nú hafa eigendur Tesco, matvöruverslunarkeðju í Suður Kóreu, nýtt tækni til að koma verslunum sínum nær neytendum án þess þó að opna fleiri verslanir. Japanir lifa margir hverjir mjög hratt og því getur það reynst höfuðverkur að fara út í búð. Þess vegna tóku markaðssérfræðingar Tesco upp á því að búa til sýndarveruleikaverslanir í neðanjarðarlestarstöðvum þar í landi. Nú á fólk því kost á því að skoða í hillurnar en í stað þess að setja vörurnar í innkaupakerruna þá er nóg að skanna hverja vöru fyrir sig í snjallsímann. Þar er svo hægt að klára pöntunina og fá vörurnar sendar heim til sín. Svo sannarlega fljólegt og þægilegt.



## SNJALL LESTARSTÖÐVARGESTUR



# Flóridana VIRKNI

## MEIRI ANDOXUN

Flóridana VIRKNI er bragðgóður safi fullur af andoxunar-efnum (Hver flaska inniheldur 231 mg af polyfenólum). Þau virka best sé þeirra neytt í sínu náttúrulega formi. Safinn inniheldur mikið af heilnæmum berjum, s.s. bláber, kínversk yum-ber og aronia-ber auk fjólublárrar gulrótar.

Flóridana VIRKNI er framleiddur úr þykni og inniheldur aldrei viðbættan sykur, litar- eða rotvarnarefni. Einungis sykur frá náttúrunnar hendi.

Helltu þér út í daginn og haltu þér við efnið á heilbrigðan hátt með Flóridana VIRKNI.

**Flóridana VIRKNI – safar sem virka.**

Enginn  
viðbættur  
sykur



# HLUTVERKIN SEM HEIMILDIR HERMA AÐ

## GLÖTUD GYLLIBOÐ

Það er oft og tíðum vandasamt verk fyrir leikara að veða og meta hvaða tilboðum þeir eiga að taka eða hafna. **Monitor** rifjar upp helstu tilfellin í **Hollywood** þar sem leikarar höfnuðu tilboðum sem hefðu skráð þá á spjöld sögunnar.



### Indiana Jones með mottu

**TOM SELLECK SEM INDIANA JONES**

Flestir kvikmyndaáhugamenn setja samasemmerki milli fornleifafræðingsins Indiana Jones og Harrison Ford. Þegar félagarnir Steven Spielberg og George Lucas stóðu í ströngu við að velja leikara fyrir fyrstu Indiana Jones-myndina var hinn mottupróði Tom Selleck fyrsta nafnið á blað og á YouTube má meira að segja sjá myndefni frá prufutökum þar sem Selleck leikur fornleifafræðinginn á setti. Á sama tíma og verið var að undirbúa umrædda mynd fékk leikarinn tilboð um að leika aðalhlutverkið í löggubáttunum Magnum P.I. sem voru vinsælir á níunda áratugnum. Selleck varð að velja á milli, enda áttu tókur á þessum verkefnum að fara fram

á sama tíma, og eftir mikinn valkvíða ákvað Selleck að velja frekar löggubáttina, sem eru sennilega hans þekktasta verkefni í dag. Raunin varð þó sú að tókum á fyrstu seríu Magnum P.I. var frestað um hálf ár sem þýddi að þegar öllu var á botninn hvolft hefði Selleck náð að leika í stórmyndinni auk Magnum-þáttanna.

MOTTAN HEFÐI PASSAÐ  
VEL VIÐ HINN FRÆGA HATT




ÆTLI O.J. HEFÐI ORÐIÐ RÍKISSTJÓRI  
LÍKA EF HANN HEFÐI LEIKIÐ TERMINATOR?

### Terminator án þýska hreimsins?

**O. J. SIMPSON SEM TERMINATOR**

Þótt í dag þekki flestir O. J. Simpson fyrir aðrar sakir en leiklistarhæfileika þá gerði hann garðinn frægan á sínum tíma í myndum eins og Naked Gun. Það sem færri vita er að þegar til stóð að velja í hlutverk fyrir myndina Terminator þá lögðu framleiðendurnir upphaflega til að Simpson yrði valinn í hlutverk Tortímans. Tillagan var hins vegar felld því menn óttuðust að leikarinn yrði ekki tekinn nógu alvarlega sem morðingja, segir sagan. Schwarzenegger, eins og gervöll mannkind veit, túlkaði Tortímansann að lokum með eftirminnilegum hætti en upphaflega var hann fenginn í prufu sem hugsanlegur leikari til að leika aðra persónu í myndinni, Kyle Reese.



VAR TRAVOLTA EKKI NÓGU SPRETT-  
HARÐUR TIL AÐ LEIKA GUMP?

### Er líf Travolta eins og konfektkassi?

**JOHN TRAVOLTA SEM FORREST GUMP**

Sama ár og Travolta sló í gegn upp á nýtt í myndinni Pulp Fiction kom út mynd um hinn seina Forrest Gump sem Tom Hanks túlkaði á svo farsælan hátt að hann landaði Óskarsverðlaunum annað árið sitt í röð. Í því samhengi er afar athyglisvert að áður en Hanks var nefndur til sögunnar stóð til að Travolta færi með titilhlutverkið en hann endaði á að hafna því en hann hefur viðurkennt að hafa séð mjög eftir þessu tækifæri. Eflaust hefur hann ekki getað gert sér í hugarlund þá hversu farsæl myndin yrði enda er lífið eins og konfektkassi, maður veit aldrei hvernig mola maður fær.

### Skildi ekki handritið

**SEAN CONNERY SEM GANDALF**

Skoska kyntróllið Sean Connery hefur sagt að þegar verið var að velja leikara í hinn goðsagnakennda þrileik, Lord of the Rings, hafi verið leitað til hans upp á að leika Gandalf. Connery, sem hafði aldrei lesið samnefndar bækur J. R. R. Tolkien hafnaði boðinu að lokum á þeim forsendum að hann skildi ekki handritið. Fregnir herma jafnframt að ef Skotinn reynslumikli hefði tekið tilboðinu hefði hann orðið 400 milljónum dollurum ríkari vegna þess hve vel myndunum vegnaði.



CONNERY ER MEIRA FYRIR AÐ  
KLÆDAST JAKKAFÖTUM EN HEMPU

### Hafðu það aðeins betra

Námsmönnum í Námsvild bjóðast námsstyrkir, bókastyrkir, friðar debetkortafærslur og margt fleira. Handhöfum stúdentakortsins bjóðast einnig ýmis sértílböð og afslættir svo þeir hafi það aðeins betra.

Kynntu þér Námsvild í næsta útibúi  
eða á [www.isb.is](http://www.isb.is).

# HAFI RUNNIÐ ÚR GREIPUM STJARNANNA



**KANNSKI FÆR MADSEN AÐ LEIKA Í PULP FICTION 2 Í STAÐINN**

## Shaw-Hanks *Redemption*

**TOM HANKS SEM ANDY DUFRESNE**

Það getur verið erfitt að vera á fleiri en einum stað á einum tímapunkti en eflaust vildi Tom Hanks óska þess að sá möguleiki hefði verið til staðar í kringum árið 1993. Þessum farsæla leikara var nefnilega boðið aðalhlutverk stórmyndarinnar *Shawshank Redemption*, sem trónir á toppi lista IMDB yfir 250 bestu kvikmyndir sögunnar, en gat ekki gengist við boðinu þar sem tókurnar á henni sköruðust við vinnsluna á *Forrest Gump*. Þótt eflaust hafi verið fúll fyrir Hanks að geta ekki tekið að sér að leika þennan fræga fanga þá þarf leikari með tvenn Óskarsverðlaun í farteskinu svo sem ekki að eyða löngum tíma í að syrgja svona lagað.



**VÆRI HANKS MESTA GOÐSÖGN ALLRA TÍMA HEFÐI HANN LEIKIÐ FANGANN?**

## Á inni greiða hjá John Travolta

**MICHAEL MADSEN SEM VINCENT VEGA**

Þótt Michael Madsen sé ekki stærsti leikari Hollywood sætti andlit hans að vera flestum kvikmyndaáhugamönnum kunnugt. Hann lék Mr. Blonde í Tarantino-myndinni *Reservoir Dogs* við góðan orðstír en þegar Tarantino bauð honum að leika Vincent Vega, aðalhlutverk í *Pulp Fiction*, afþakkaði hann boðið og kaus frekar að leika í myndinni Wyatt Erp. Madsen hefur í seinni tíð sagt þessa ákvörðun vera mikil mistök og að leikurinn í Wyatt Erp hafi verið hreinasta tímaeyðsla. Þessi mistök hans reyndust hins vegar John Travolta nokkrum, sem þá þótti útbrunninn með öllu, algjör guðsgjöf þar sem hann fór á kostum í myndinni og stimplaði sig aftur inn í Hollywood með tilnefningu til Óskarsverðlauna og fjöldi góðra tilboða rigndi yfir hann í kjölfarið.



## Hver á að leika hann Solo?

**AL PACINO OG FLEIRI SEM HAN SOLO**

Þótt ferilskrá Harrison Ford státi af hellingi af flottum hlutverkum þá er alveg á hreinu að sennilega hefði ferill hans aldrei þróast eins hefði hann ekki landað hlutverki mesta töffara himingeimsins, Han Solo. Sagan segir þó að nafn hans hafi komið ansi seint til sögunnar í leikaraleit framleiðenda myndanna en á undan honum herma heimildir að leikurum á borð við Al Pacino, Sylvester Stallone, Nick Nolte, Christopher Walken, ásamt fleirum, hafi verið boðið að leika hlutverkið. Blessunarlega fyrir Ford gekk enginn þeirra að tilboðinu.



**ÆTLI PACINO HEFÐI NÁÐ JAFNVEL TIL CHEWBACCA?**



## Sér er ekki eftir neinu

**WILL SMITH SEM NEO**

Leikarinn Will Smith hefur birst í hverri stórmyndinni á fætur annarri eftir að hann fór með sitt fyrsta aðalhlutverk í einni slíkri árið 1996, *Independence Day*. Smith hafnaði hins vegar að leika í einni eftirminnlegustu stórmynd síðari tíma, *Matrix*, þar sem honum bauðst að leika hinn útvalda Neo en hann tók myndina *Wild Wild West* fram yfir. Sjálfur hefur hann sagst ekki sjá eftir neinu enda hafi hann að eigin sögn ekki verið nógu snjall leikari á þeim tímapunkti til að skila af sér álíka frammistöðu og Keanu Reeves gerði.



**TÓK SMITH EF TIL WILL RÉTTA ÁKVÖRDUN?**

## ÖNNUR ATHYGLISVERÐ TILFELLI

Gwyneth Paltrow sem Rose í *Titanic*  
Mel Gibson sem Maximus í *Gladiator*  
Sarah M. Gellar sem Cher í *Clueless*  
Chevy Chase sem Forrest Gump  
Tom Hanks sem Jerry McGuire

**Hafðu bankann með þér**

Skannaðu stríkamerkid til að sækja „appið“ í símann

Sæktu „appið“ í snjallsímann þinn á [m.isb.is](http://m.isb.is).

<http://www.islandsbanki.is/farsiminn/>

Student


5987 6543 2109 8765

Íslandsbanki

„I love... I love lamp.“

(Brick, Anchorman: The Legend of Ron Burgundy, 2004)

## FERILLINN



## Pierce Brosnan

**Hæð:** 187 sentimetrar.  
**Besta hlutverk:** James Bond.  
**Staðreynd:** Er með tvöfalt ríkisfang, írskt og bandarískt.  
**Eitruð tilvitnun:** „Fyrir mitt leyti verða konur kynþokkafyllri í kringum 35 ára. Þær vita eitt og annað og þekking er alltaf aðlaðandi.“

**1953** Fæddist þann 16. maí í Navan á Írlandi.

**1969** Hætti í skóla og byrjaði í myndlistarskóla. Þar kynntist hann sirkusfólki sem hann vann með næstu þrjú árin og komst í kjölfarið í leiklistarskóla í London, árið 1972.

**1975** Útskrifaðist úr leiklistarskólum og fór að láta vel að sér kveða í leikhússenu London.

**1980** Lék í sinni fyrstu mynd, The Long Good Friday og gekk að eiga fyrri eiginkonu sína, Cassandra Harris, en hún lék í Bondmyndinni For Your Eyes Only.

**1982** Fluttist til Kaliforníu og landaði þá titilhlutverki lögregluþátanna Remington Steele á NBC.

**1985** Var tilnefndur til Golden Globe-verðlauna fyrir túlkun sína á Robert Gould Shaw II.

**1993** Lék í myndinni Mrs. Doubtfire.

**1994** Tilkynnt var að Pierce Brosnan yrði sá fimmti til að túlka 007.

**1995** Fyrsta Bondmynd Brosnan kom út, GoldenEye. Alls lék hann í fjórum Bond-myndum.

**2001** Valinn „Sexiest Man Alive“ af People Magazine. Sama ár gekk hann að eiga seinni eiginkonu sína, blaðakonuna Keely Shaye Smith.

**2004** Fékk bandarískt vegabréf.

**2008** Leikarinn sýndi á sér nýja hlið þegar hann fór með hlutverk söngleikjamyndinni Mamma Mia!

**2011** Leikur í gamanmyndinni I Don't Know How She Does It.



## FRUMSÝNING HELGARINNAR

## I Don't Know How She Does It

Gamanmyndin I Don't Know How She Does It er byggð á metsölbókinni Móðir í hjáverkum. Hún skartar Sarah Jessica Parker í hlutverki Kate Reddy sem þarf að reyna að samræma mikilvægan starfsframa sinn og um leið sinna fjölskyldunni. Hún starfar sem sjóðsstjóri í fjármálageiranum og fær tækifæri á að stofna sjóð út frá

eigin hugmynd með fjárfestinum Jack Abelhammer sem leikinn er af Pierce Brosnan. Þessi vinna kallar á miklar fjarverustundir frá börnunum hennar tveimur, sem eru ellefu og sex ára, og eiginmanninum Richard Reddy sem leikinn er af Greg Kinnear. Álagið í vinnunni og á hjónabandið verður mikið og virðist oft sem allt ætli um koll að

**Leikstjóri:** Douglas McGrath.  
**Aðalhlutverk:** Sarah Jessica Parker, Pierce Brosnan og Kelsey Grammer.  
**Lengd:** 97 mínútur.  
**Aldurstakmark:** Leyfð öllum.  
**Kvikmyndahús:** Háskólabíó, Smárabíó og Borgarbíó.

FRUMSÝND 16. SEPTEMBER

Aðrar frumsýningar: Drive - Warrior

f VILTU MIÐA?

Monitor ætlar að gefa miða á I Don't Know..., fylgstu með...  
[facebook.com/monitorbladid](http://facebook.com/monitorbladid)



FRUMSÝND 16. SEPTEMBER

## Gosling veðjaði á réttan leikstjóra

Myndin **Drive** er frumsýnd um helgina en menn spá henni gífurlegum frama. Hún fékk frábærar viðtökur á Cannes-hátíðinni þar sem **Nicolas Winding Refn** var útnefndur besti leikstjórinn.

Gagnrýnendur vestanhafs halda vart vatni yfir hasarmyndinni Drive, sem frumsýnd er hérlendis um helgina. Myndin fór mikinn á kvikmyndahátíðum sem hún var sýnd á í sumar og var meðal annars tilnefnd til Gullpálmans á Cannes. Skemmst er frá því að segja að á Cannes-hátíðinni var leikstjóri myndarinnar, hinn danski Nicolas Winding Refn, jafnframt útnefndur besti leikstjórinn. Það var enginn annar en Ryan Gosling, aðalleikari myndarinnar, sem fékk að velja leikstjóra myndarinnar sem verður að teljast athyglisvert. „Þetta var í fyrsta skipti sem mér var falið að velja leikstjóra en ég vissi

strax að fyrir mér varð það að vera Nicolas, það kom enginn annar til greina“ segir Gosling í viðtali við vefmiðilinn IndieWire.

Myndin fjallar um ónefndan áhættuleikara í Hollywood sem vinnur við áhættuakstur á bílum á daginn en á næturnar skutlar hann glæpamönnum af vettvangi á hraðskreiðum bílum. Leikstjórinn danski þykir hafa gert afar frumlega hluti með þetta handrit myndarinnar, sem skrifað er af Óskarsverðlaunahafanum Hossein Amimi, og ganga sumir gagnrýnendur svo langt að segja myndina frumlegustu spennumynd síðari ára.

## KVIKMYND



## Botninum er náð

Charley Brewster býr með móður sinni í eyðimörkinni fyrir utan Las Vegas. Hann hefur verið lúði alla sína ævi en á nú kærustu og er byrjaður að vanrækja vini sína. Þegar Jerry (Colin Farrell) flytur í gótuna fara skrytnir atburðir að gerast. Charley fer að gruna hann um að vera vampíra og hefst þá myndin fyrir alvöru. Ég hef séð þær margar lélegar í gegnum árin en þessi mynd er ein sú allra versta. Til að byrja með var ég pirraður og reiður yfir því að þurfa að sitja yfir þessu en áttaði mig svo á því að eflaust er þessi mynd ekki gerð fyrir mig. Markhópurinn er auðvitað grunnskóla-krakkar sem elska þetta vampíru-dæmi. Framleiðendurnir hafa eflaust vitað hvað þeir voru að gera allan tímann. Þeir nýta vampíruæðið til botns, fá Colin Farrell svo að það komi örugglega allar smástelpur á myndina og fylla svo hin hlutverkin af óþekktum leikurum. Bíddu eru ekki 2+2 örugglega 4? Jú, hélt það.



## Færifandaframleiðsla

Fright Night er gott dæmi um hvernig Hollywood virkar stundum fyrir sig. Svona myndir poppa upp af og til. Nýleg dæmi eru Scream 4 og Final Destination 5. Þetta eru kvikmyndir sem eru í rauninni algjört sorp en koma samt alltaf af og til. Leikararnir eru yfirleitt í mikilli kreppu með sinn feril og oftast eru leikstjóramir ungir og óreyndir. Þessi framleiðsla hlýtur samt að skila árangri því annars efast ég um að einhver myndi nenna að standa í þessu. Ég verð samt að fá að vita hvað gerðist fyrir hann Colin Farrell. Las hann þetta handrit og bara „ok lets go“? Annað hvort er hann staurblankur eða umboðsmaður hans hefur neytt hann til að gera þetta. Ég hélt ég myndi aldrei gefa kvikmynd núll í einkunn en því miður sá ég ekkert jákvætt allan tímann. Svo ég vitni nú í kollega minn í The Simpsons: „worst movie ever“.



Tómas Leifsson

## FRIGHT NIGHT



# Bíóin alveg í rusli

**A**ð horfa á myndband er góð skemmtun. Þá gildir einu hvar horft er á myndbandið, það er notalegt að kíkja á vidjó liggjandi á sófanum heima í stofu, fljúgandi um háloftin í flugvél eða bara inni í skólastofu á litilli og snoturri fartölvu. Flestir eru þó sammála um að mestur ljómi sé yfir bíómyndum sé horft á þær í kvikmyndahúsi. Bíó hefur nefnilega upp á svo margt að bjóða; mannlíf, popp og kók, hörkuhljóðkerfi ásamt hinna vinsælu þrívídd, svo eitthvað sé nefnt.



**Þ**að vill verða þannig að meginþorri þeirra sem leggja leið sína í bíó kaupir sér eitthvað til að japla á í sjöppu kvikmyndahússins, hvort sem það er vegna ávanans eða vegna nammigirndar. Undirritaður er sjálfur hluti af þessum hópi.

**Þ**að er alltaf ákveðin stemning í því að ganga síðan inn í bíósal með popppoka í annarri og kókglas í hinni, svipast um eftir heppilegu sæti og jafnvel kunnuglegum andlitum á leiðinni. Eftir að maður hefur hlammað sér á vel valinn bekk í salnum fer, eins og gefur að skilja, helsta einbeiting manns í að fylgjast með bíómyndinni sjálfri en engu að síður hefur eftirfarandi skotist upp í kollinn á mér í undanförunum bíóferðum: Af hverju henda allir öllu rusli beint á gólfid inni í bíósal?



**É**g bið lesendur að taka því ekki þannig að ég sé einhver síða-postuli eða samfélagsnóldrari, ég hendi popppokanum mínum alveg líka á gólfid í bíó. Þetta er enginn „þú myndir ekki stela bíl, þú myndir ekki henda rusli á gólfid heima hjá þér“-áróður, þetta er bara svolitid sem ég hef lengi velt fyrir mér. Af hverju er það eitthvað viðurkennt sport eða „eðlileg“ leið til að losa sig við rusl innandyrna að henda því á gólfid? Það myndi enginn henda rusli beint á gólfid í strætó, heima hjá vini sínum, inni í skólastofu eða við matarborðið í einhverju matarboði. Er það vegna þess að það eru slökkt ljós í salnum og þá þykir öllum voða lúmskt rétt að vippra súkkulaðibréfinu á gólfid? Varla, því þetta þekktist ekki á tónleikum né í leikhúsi, allavega ekki í sama mæli. Hvers vegna þetta tíðkast er mér í raun hulin ráðgáta.

**S**taðreyndin er sú að það eru ruslatunnur í öllum helstu kvikmyndasölum landsins og batnandi manni er best að lifa. Einu sinni þótti það eðlilegasti hlutur í heimi að reykja í bíl, heimahúsum og inn um allt og alla. Ég veit að það fær enginn lungnakrabbamein af því að henda rusli á gólfid, en þið skiljið hvað ég á við. Hugmyndin er einfaldlega sú að fólk prófi að nota ruslatunnurnar í bíóum og smám saman gæti það orðið kúl. Þangað til eru þessar ruslatunnur eiginlega bara eins og sölgleraugu innandyrna, bara upp á lúkkid.



## ORÐ Í BELG

Einar Lövdahl Gunnlaugsson  
einar@monitor.is

## TÖLVULEIKUR



### Resistance 3

**MAMA**

Tegund: Skotleikur

PEGI merking: 18+

Útgefandi: Sony Computer

Dómar: Gamespot 8,5 af 10 / IGN 9 af 10 / Eurogamer 8 af 10



## Tár, bros og trylltar geimverur

Ein vinsælasta sería skotleikja á PlayStation 3 er Resistance serían, en hún hefur fylgt PlayStation 3 vélinni frá upphafi. Fyrir stuttu kom út þriðji kaflinn í þessari glerhóðu seríu sem hefur fjallað um baráttu mannkyns við hinar illvigu Chimera-geimverur. Þegar hér er komið við sögu hefur mannkynið hörfað í neð-anjarðarbyrgi og fara leikmenn í hlutverk hermannsins Joseph Capelli. Okkar maður hefur komið sér fyrir í byrgi í Haven, Oklahoma og býr þar með fjölskyldu sinni. Í upphafi leiksins bankar vísindamaðurinn Dr. Malikov á dyrnar og tilkynnir Joseph og hans fólki að Chimera-kvikindin séu komin í ruglið og ætli sér að frysta jörðina. Til að stoppa það þarf Joseph að fara til New York ásamt Dr. Malikov og taka þar þátt í mögnuðum lokabardaga. Á leið sinni til New York þarf Joseph að berjast við allskyns kvikindi stór og smá, ferðast um mismunandi landssvæði og takast á við ýmsar aðstæður. Söguþráðurinn tekur á tilfinningum sögupersóna og skiptast þar á skin og skúr.



stýripinnann til að moppa upp geimverurnar. Tveir geta spilað saman í gegnum söguþráð leiksins og er Resistance 3 einn besti „co-op“-leikurinn á PlayStation 3 í dag. Auk söguþráðarinnar er svo fullkomin netspilun þar sem allt að 16 geta barist í hinum ýmsu leikjum.

Grafikin í leiknum er kannski ekki sú besta sem við höfum séð á PlayStation 3, en samt mjög nálægt því. Leikurinn spilst líka í þrívídd fyrir þá sem hafa yfir slíkri græju að ráða og lúkkar hann mjög vel þannig. Hljóð og tónlist leiksins er í toppmálum og talsetningin í hæsta gæðaflokki.

Resistance 3 sannar að þegar metnaður, öflug netspilun, góður söguþráður og sterk persónusköpun koma saman, þá verður fjör. Enda er Resistance 3 einn besti skotleikurinn á PlayStation 3 í dag.

Ólafur Þór Jónsson



Stýringar leiksins eru eins og hugur manns og klárt að framleiðendur leiksins hafa eytt góðum tíma í að stilla þær. Auk þess að spila leikinn með hefðbundnum stýripinna geta leikmenn notað Move-

ENNEMM / ISIA / NM47676

Meira Ísland

Hafnarþróður

## Meira Ísland með Símanum á stærsta 3G neti landsins

M-ið er ómissandi ferðafélagi

Skannaðu kóðann eða sendu sms-ið M í 1900 og fáðu M-ið beint í símann þinn

Síminn

siminn.is

Greitt er samkvæmt gjaldskrá. Nánar á Símann.is

# MONITOR

ALLT AÐ GERAST  
ALLA FIMMTUDAGA!

monitor@monitor.is

**ÍSLAND – NOREGUR**  
Laugardagur 17. september  
Laugardalsvöllur kl. 16



## Ekki leiðinlegt að ná stigunum þremur

„Við vorum einmitt að hittast stelpurnar í landsliðinu og leikurinn leggst mjög vel í okkur. Við erum orðnar mjög spenntar og vonumst bara eftir að fólk mæti á völlinn og styðji okkur því við þurfum á öllum stuðningi að halda í þessum leik,“ segir Hólmfríður Magnúsdóttir, landsliðskona í knattspyrnu. Landslið Íslands leikur einn mikilvægasta leik sinn í undankeppni Evrópumótsins um helgina við Noreg. „Við höfum aldrei unnið Norðmenn á heimavelli en ég held að það sé erfitt fyrir öll lið að koma hingað og það væri ekki leiðinlegt að ná stigunum þremur.“  
Miðaverð á völlinn er 1.000 kr.

# fílófaxið

fimmtudagur 15 sept laugardagur 17 sept

**ROKKTÓNLEIKAR OKTÓBERFEST**  
Við hlíð Norræna hússins  
**19:00** Októberfest Stúentaráðs Háskóla Íslands stekkur af stað með rokktonleikum þar sem fram koma Of Monsters and Men, Pétur Ben og Eberg, Agent Fresco ásamt fleiri góðum. Miðaverð er 4.500 kr. á miði.is en miðinn gildir á öll þrjú kvöldin.

**föstudagur 16 sept**



**OKTÓBERFEST**  
Við hlíð Norræna hússins  
**19:00** Októberfestkvöldið sjálft svokallaða fer fram á föstudagskvöldið að hætti Þjóðverja. Miðaverð er 4.500 kr. á miði.is en miðinn gildir á öll þrjú kvöldin.

**JAGÚAR Á GAUKNUM**  
Gaukur á stöng  
**21:00** Skemmti- og tónleikastaðurinn Gaukur á stöng hefur verið endurvakinn í sínu gamla húsnæði (nú síðast Sódóma) og verður af því tilefni blásið til opunarhátíðar um helgina. Hin dæða fönksveit Jagúar stígar á stökk og hyggst endurvekja grúv staðarins. Húsið opnar kl. 21 og frítt er inn.

**APPARAT ORGAN QUARTET**  
Faktory  
**23:00** Kvartettinn Apparat Organ Quartet blæs til tónleika á efri hæð Faktory. Hægt er að kaupa miða í forsoðu í versluninni Lóla og á Faktory á 1.500 kr. en aðgangseyrir við dyrnar verða 2.000 kr.

**DIKTA, JÓN JÓNSSON OG BLAZ**  
Við hlíð Norræna hússins  
**19:00** Lokakvöld Októberfest fer fram með tónleikum Diktu, Jóns Jónssonar og BlazRoca. Miðaverð er 4.500 kr. á miði.is en miðinn gildir á öll þrjú kvöldin.

**SVAVAR KNÚTUR OG DANÍEL JÓN**  
Café Rosenberg  
**21:00** Svavar Knútur heldur tónleika þar sem lofað er notalegheitum í bland við gleði og glæm. Um upphitun sér Daníel Jón. Aðgangseyrir er 1.500 kr.

**ENSÍMI OG OURLIVES Á GAUKNUM**  
Gaukur á stöng  
**21:00** Það fellur í hlut Ensíma og Ourlives að rokka upp Gaukinn. Húsið opnar kl. 21 og frítt er inn.



**RETRO STEFSON DJ-SET**  
Faktory  
**23:00** Logi Pedro úr Retro Stefson peytir skífum á Faktory fyrir dansþyrsta borgarbúa.

**Justin Bieber notar Proactiv® Solution Burt með bólurnar!**

Í Proactiv® Solution eru efni sem hreinsa húð þína og eyða bólum. Með daglegri notkun koma efnin í veg fyrir að nýjar bólur myndist. Við lofum því!

Eftirtalin sjálfstæð Apótek eru sölustaðir Proactiv® Solution:  
REYKJAVIKURAPÓTEK, Seljavogi 2 // LYFJABORG APÓTEK, Borgartúni 28 // GARDAPÓTEK, Sogavegi 108  
URÐARAPÓTEK, Grafarholti // RIMA APÓTEK, Garfargöti  
APÓTEK HAFNARFJARÐAR, Tjarnarvöllum 11  
ÁRBÆJARAPÓTEK, Hraunbæ 115 // LYFJAEVIR Suðurlandsbraut 22  
APÓTEK GARDABÆJAR // Litlatúni 3

**Heilsuþúdin.is** - bætt útlit, betri líðan

# LOKAPRÓFIÐ

| 15. september 2011 |



Ég heiti Gunnar

Pú veist hver ég er af því að Ég er Gunnar Sigurðsson

Hvað er þetta? Þetta er Gunnar Sigurðsson

Mesta snilldin er að vinna

a) í útvarpi hvers þess  
b) hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu  
c) í sjónvarpi  
d) við vefþáttagerð  
e) mér finnst þetta erfið spurning

Þegar ég er á leið á knattspyrnuvöllinn þá

a) hef ég ekki hugmynd um hvað ég ætla að gera hverju sinni og skálda allt á staðnum.  
b) hugsa ég bara um það hvað það verður ljúft að fá kaffisopa.  
c) hugsa ég hvað ég nenni þessu engan veginn af því að mig langar frekar að vera heima að borða sunnudagssteikina.  
d) Fannar  
Minn sér um þetta

Er ég segi „Fannar“ við myndavélina þá er ég að ávarpa

a) myndatökumanninn.  
b) prestinn sem skírði mig.  
c) frænda minn að austan.  
d) ímyndaðan vin minn.  
e) Ég segi ekki Fannar heldur Hrannar þjóðina. Fannar er

Þegar ég var í Strákunum hugsaði ég oft á tíðum:

a) „Lífð verður ekkert betra en þetta.“  
b) „Til hvers fengu þeir þennan Atla þór til liðs við sig líka?“  
c) „Er Ofur-Hugi alveg kolklukkaður?“  
d) „Vá, hvað Auði er í mikilli afneitun með þetta hársitt.“  
e) Kristofel Dignus er minn lafaritill

Það besta við að vera í nflu til fjögur vinnu

a) er fólkið sem ég spjalla við í kaffitímum.  
b) eru öll skjólin sem ég fæ að fara í gegnum á hverjum degi.  
c) er „the steady paycheck.“ þetta er gott  
d) mánadagurinn á íslensku

Eiginhandararitunin mín lítur svona út:

[Nói] ég lét ekki, svo glatt þetta er minn lafaritill  
skanna og skjalafals þetta er minn lafaritill

Ef ég væri ekki Gunnar Sigurðsson væri ég

a) Gunnar Sigurðsson, markvörður FH  
b) Gunnar Birgisson, Kópavogsbúi  
c) Gunnar Hansson, leikari  
d) Gunnar í Krossinum af því að þetta er minn lafaritill

Þú veist hvað ég er af því að þetta er minn lafaritill

Það sem fær vita um mig er þetta er minn lafaritill

Ég var rekinn af Grindavíkurvelli í síðasta þætti af því að ég

a) móðgaði vallarþulinn.  
b) hrósaði ekki kokkunum.  
c) var talinn ölvaður.  
d) fagnaði ekki mörkum Grindavíkur.  
e) var illa klæddur og var þó talinn slæm fyrirmynd.

Ég er stundum kallaður Gunnar Samloka vegna þess að þetta er minn lafaritill

Besta líðið er auðvitað

a) HK  
b) Víkingur Ólafsvík  
c) West Bromwich Albion  
d) Liverpool  
e) af því að þetta er minn lafaritill

Síðasta sms sem ég fékk var frá þetta er minn lafaritill

og í því stóð þetta er minn lafaritill

Ef ég mætti gera einn Facebook-status sem allur heimurinn na sei myndi ég skrifa þetta er minn lafaritill

## Síðast en ekki síst

» Hrafnkell Gauti Sigurðarson, gítarleikari, fílar:

**Kvikmynd:** Hef verið að tékka svolitíð á kóreskum bíómyndum. Sá eina rosalega um daginn sem heitir I Saw the Devil sem ég var að fíla mjög mikið. Annars er líka best að horfa bara á Armageddon þegar maður er þunnur og gráta smá með.

**Þáttur:** Er mikill þáttafíkill, tékka þá yfirleitt allt frá HBO, er núna að horfa á True Blood, Entourage og Curb Your Enthusiasm.

**Bók:** Er ekki alveg nógu duglegur við að lesa bækur. Seinasta bók sem ég las var ævisagan hans Keith Richards og örugglega bara Harry Potter á undan því. Er meira að glugga í einhverjar gítarblöð á nóttunni.



**Plata:** Tek alltaf svona tveggja vikna sýpur þar sem ég hlusta á eitthvað stanslaust. Núna eru það plöturnar Wired og Guitar Shop með Jeff Beck, klárlega einn uppáhaldsgítarleikarinn minn, og svo hlusta ég yfirleitt á power-ballóður á sunnudögum.

**Vefsíða:** Er grjótharður Börsungur, þannig ég tékka mikið [www.totalbarca.com](http://www.totalbarca.com) sem er algert „must“ fyrir Barca-aðdáendur. Annars er alltaf nett að tékka vídjó á YouTube og póka gjells á Facebook.

**Staður:** Held það sé klárlega 101 Reykjavík. Það er fátt betra en að labba niður Laugavegin með vinum mínum, þeim Hlyni í Skyttunum og Kobba Fil, og salta grimmum laukum.



**KANINN**  
**FM 1005**

BEINT FRÁ HOLLYWOOD

# RYAN REAGAN AMERICAN TOP 40

SUNNUDÖGUM KLUKKAN 14:00 - ENDURFLUTTUR  
KL 20:00 Á FIMMTUDAGSKVÖLDUM

[www.kaninn.is](http://www.kaninn.is)  
[www.facebook.com/kaninn](https://www.facebook.com/kaninn)

facebook

SENT UT Í SAMVINNU VIÐ CHEVROLET



# Rétta leiðin fyrir þig



Stærsta og hraðasta 3G dreifikerfi landsins

Vinir óháð kerfi, bæði í Frelsi og áskrift

Risa mínútupakki fyrir stórnóttendur

Þú færð meira hjá Símanum!

Eitt mínútuverð, frábær kjör!

Magnaðir miðvikudagar fyrir viðskiptavinum Símans

0 kr. innan fjölskyldu og í heimasímann

Vertu með vinina á 0 kr.

Yfirsýn yfir alla þjónustu á þjónustuvefnum

<p><b>Ódýrari mínútur</b> Hringdu á 0 kr. í 1 GSM vin hjá Símanum*</p> <p>Aðeins 11,9 kr. mín. í alla innanlands</p> <p>590 kr. mánaðargjald</p> <p>*1.000 mín./ 500 SMS á mån.</p>	<p><b>3 vinir og 300 SMS</b> Hringdu á 0 kr. í 3 vini óháð kerfi* og sendu 300 SMS á alla hina</p> <p>Eitt mínútuverð í alla innanlands</p> <p>1.390 kr. mánaðargjald</p> <p>*600 mín./ 300 SMS á mån. 300 MB á mån. fylgir til áramóta.</p>	<p><b>6 vinir óháð kerfi</b> Hringdu á 0 kr. í 6 vini óháð kerfi*</p> <p>Eitt mínútuverð í alla innanlands</p> <p>2.190 kr. mánaðargjald - Veldu áskrift eða Frelsi</p> <p>*Áskrift 1.000 mín./ 500 SMS á mån. Frelsi 60 mín./60 SMS á dag.</p>	<p><b>1000 mínútur</b> Hringdu á 0 kr. í alla GSM og heimasíma á Íslandi*</p> <p>Frábær leið fyrir þá sem nota GSM símann mikið</p> <p>7.990 kr. mánaðargjald</p> <p>*1.000 mín./ 500 SMS á mån.</p>	<p><b>Ring</b> Fyrirframgreidd þjónusta - fyrir þá sem vilja afgreiða sig sjálfir</p> <p>0 kr. innan Ring 990 kr. mánaðargjald eða</p> <p>0 kr. innan kerfis Símans 1.990 kr. mánaðargjald*</p> <p>*1.000 mín./ SMS á mån.</p>

siminn.is

